

# DETTIFOSSVEGUR (862)

## Hringvegur-Dettifoss

### Kynning framkvæmda

Sóley Jónasdóttir



Áætlanir og hönnunarkaup Akureyri

Maí 2008

## 1. YFIRLIT

Vegagerðin hefur óskað eftir tilboðum í fyrri áfanga Dettifossvegur(F862), frá Hringvegi að Dettifossi (sjá meðfylgjandi yfirlitskort). Fyrirhugað framkvæmdasvæði er í Skútustaðahreppi í S.-Þingeyjarsýslu og Norðurþingi í Norður-Þingeyjarsýslu.

Framkvæmdin felst í nýbyggingu Dettifossvegur á þessum kafla, nýbyggingu tenginga að Dettifossi og Hafragilsfossi, auk byggingar eins áningarstaðar við Dettifossveg og tveggja útskota. Í framkvæmdinni felst einnig gerð bílastæða við Hafragilsfoss og Dettifoss.

Framkvæmdin öll, þ.e. Dettifossvegur auk tenginga, er 25,2 km löng og liggur um land jarðarinnar Reykjahlíðar og um Þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum.

Bygging Dettifossvegur var matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála úrskurðaði um framkvæmdina þann 10. apríl 2008. Matsskýrsla, teikningar og önnur fylgigögn eru aðgengileg á heimasíðu Vegagerðarinnar <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umhverfismatsskyrslur/skyrslusidur/nr/1181>

## 2. NÚVERANDI VEGUR VESTAN JÖKULSÁR

Núverandi vegur milli Hringvegur og Dettifoss liggur um Mývatnsöræfin og er 20.08 km langur. Hann liggur út frá Hringvegi um 8 km vestan við þann stað sem áætlað er að nýr vegur muni liggja. Vegurinn er að mestu niðurgrafinn, hlykkjóttur malarvegur, með mörgum blindhæðum og lítið burðarþol. Hann er snjóþungur og lokast fljótlega eftir að snjó festir og er lokaður fram í maí/júní (Mynd 1).



**Mynd 1.** Útsýni til norðurs frá núverandi vegi skammt norðan Hringvegur (Vegagerðin, okt. 2002).

Engar brýr eru á veginum en nokkur ræsi.

### **3. ENDURBYGGÐUR VEGUR**

Nýr Dettifossvegur liggur út frá Hringvegi (stöð 0) á móts við vestara Hrauntagl og liggur þaðan til norðurs um 21,1 km leið, að tengingu niður að Dettifossi (stöð 21.100).

Frá byrjun vegarkafans við Hringveg allt norður að stöð 14.000 er vegstæðið að stórum hluta á sléttlendi þar sem skiptast á hraunflákar, foksandur sandar og melar. Landið er allsstaðar þurrt og hvergi samfelt vatnsrennsli í farvegum allt árið. Á hraunflákum eru hraunhellur og/eða hraunhólar, kýfðir hraunflekar bungur og strýtur. Á myndum 2 og 3 hér neðan við, má sjá útsýni af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, fyrir og eftir framkvæmd.



**Mynd 2.** Útsýni til suðurs við stöð 8000. Herðubreið blasir við (Vegagerðin, 2005).



**Mynd 3.** Útsýni frá sama stað að framkvæmdum loknum (Vegagerðin, 2006).

Tenging að Dettifossi er um 2,8 km löng og liggur til austurs frá Dettifossvegi að bílastæði við fossinn. Út frá tengingu að Dettifossi verður gerð önnur tenging, um 1,3 km löng, til norðurs að Hafragilsfossi. Bæði við Dettifoss og Hafragilsfoss verða malbikuð bílastæði. Bílastæði við Dettifoss verður 5.150 m<sup>2</sup> að stærð og bílastæði við Hafragilsfoss 1.280 m<sup>2</sup>.

Dettifossvegur og tenging að Dettifossi verða af vegtegund C1 sem 7,5 m breiður vegur með 7,3 m bundnu slitlagi. Vegtenging að Hafragilsfossi verður í vegtegund C2 sem er 6,5 m breiður vegur með 6,3 m klæðingu.

Útskot verða við Dettifossveg við stöðvar 220-340 og 5530-5630. Þá er gert ráð fyrir um 1.575 m<sup>2</sup> áningarstaður við stöð 15960. Útskot, áningastaður og bílastæði við Hafragilsfoss verða lögð tvöfaldri klæðingu.

Dettifossvegur er að mestu utan þjóðgarðs og liggur einungis innan hans frá stöð 20.800 og til hækkanði stöðvar.

Þar sem Dettifossvegur víkur út af Hringvegi verður Hringvegurinn breikkaður á um 130 m kafla með gerð framhjáhlaups.

Áætluð efnispörf í verkið er um 572.100 m<sup>3</sup>. Um 267.300 m<sup>3</sup> verður tekið úr hönnuðum skeringum og um 304.800 m<sup>3</sup> úr 9 námum á svæðinu (námum A-I)

Tilgangurinn með nýjum heilsársvegi meðfram Dettifossvegi að vestanverðu er að stuðla að farsælli þróun vaxandi ferðamennsku á svæðinu og styrkja byggðarlög í Norður- og Suður Þingeyjarsýslum með bættu vegasambandi milli byggðakjarna.

Útboð fyrri áfanga Dettifossvegar var auglýst 7. apríl 2008. Gert er ráð fyrir opnun þann 20. maí 2008.

Seinni áfangi Dettifossvegar felst í nýbyggingu vegarins frá Dettifossi að Norðausturvegi í Kelduhverfi. Gert er ráð fyrir að sá hluti verksins verði boðinn út seinni part árs 2008.

Verklok fyrri áfanga eru áætluð 1. október 2009.